

8. gr.

Skrifstofa Húsavíkurkaupstaðar annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar bæjarsjóðs.

9. gr.

Forstöðumaður heimilisþjónustu lætur bæjarstjórn árlega í té skýrslu um starfsemina undanfarið ár.

10. gr.

Um greiðslu kostnaðar fer samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 13 frá 17. febrúar 1959, um heimilishjálp í Húsavík.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ**um umferðarfræðslu í skólum.****1. gr.**

Tilgangur umferðarfræðslu í skólum er:

1. Að gera nemendum ljósa hættu, sem af umferð stafar og nauðsyn umferðarreglna.
2. Að kenna umferðarreglur þær, sem gilda á hverjum tíma. Skal fræðslu hagað í samræmi við þroska og aldur nemenda.
3. Að kenna nemendum að fara eftir settum reglum þannig, að þeir valdi ekki sér eða öðrum óþarfa hættu.

2. gr.

Á barnaheimilum, í leikskólum og forskólum skal börnum leiðbeint um einföldustu reglur, sem fótgangandi manni ber að fylgja í umferð, eftir því sem við verður komið.

Fræðslan skal einkum beinast að því, að innræta þá varúð, er börnum ber að sýna, þegar þau eru á ferð eða í leik á almannafæri.

Forráðamönnum stofnana þeirra, sem að framan greinir ber að sjá þeim fyrir nauðsynlegum gögnum til kennslunnar.

3. gr.

Í grunnskóla skal umferðarfræðsla vera einn þáttur skyldunámsins.

4. gr.

Umferðarfræðslu barna í 1.—3. bekk grunnskóla annast bekkjarkennari þeirra, eða sá kennari, sem skólastjóri kveður til.

Fræðslan skal fara fram bæði innanhúss og utan.

Innanhúss skal umferðarfræðsla samtvinnuð öðrum námsgreinum eftir því sem hæfa þykir, en einkum þó kennslu í samfélagsfræði, íslensku, teikningu og leikfimi. Brýna skal fyrir börnum hættu þá, sem stafar af umferð, bæði almennt og sérstakar hættur í byggðarlaginu. Þeim skal gerð grein fyrir þeirri skyldu að sýna varúð og taka tillit til annarra.

Þá skal kenna þeim að þekkja helstu reglur um umferð gangandi fólks og að þekkja helstu umferðarmerki. Utanhúss skal fræðslan einkum beinast að því að kynna börnunum umferðarreglur, bæði á afmörkuðum svæðum og alfaravegum. Skal það gert munnlega og með æfingum. Til umferðarfræðslu utanhúss skal verja nokkrum kennslustundum árlega og eigi færri en 3 stundum á ári í 1.—3. bekk grunnskóla.

5. gr.

Börn í 4.—6. bekk grunnskóla skulu njóta umferðarfræðslu tvær kennslustundir á mánuði til jafnaðar á meðan skóli starfar.

Umsjón með kennslu annast kennari, sem tekið hefur þátt í námskeiði til undirbúnings þeirrar kennslu. Sé ekki völ slíks kennara, skal kennslu þessa hafa á hendi maður, er fræðslustjóri telur til þess hæfan.

Kennslan skal vera fræðileg og verkleg innanhúss og utan. Rifjað skal upp og æft það sem þegar hefur verið kennt um umferðarmál. Börnunum skal kennt að þekkja helstu umferðarmerki og mikilvægustu sérákvæði um umferð í byggðarlaginu þar sem skóli er. Auk þess skal kenna aðalreglur um umferð ökutækja, bæði vélknúinna og vélarlausra, umferð riðandi manna og hvers gæta her í sambandi við dýr á alfaravegum.

Við kennsluna skal nota myndir, bækur, áhöld og annað það, er að gagni má koma og völ er á. Leggja skal áherslu á æfingakennslu útivið og athugun umferðar, eftir því sem kostur er.

Þar sem því verður við komið, skulu fræðsluþyrirvöld leita samvinnu við lög-gæslumenn um umferðarfræðslu í skólum og er heimilt að fela sérþjálfuðum mönnum ákveðna þætti fræðslunnar.

6. gr.

Í 7.—9. bekk grunnskóla skal kennslu hagað líkt og um getur í 5. grein, en námsefnið aukið. Sérstaklega skal á það lögð áhersla, að nemendur þekki meginreglur umferðarlaga og reglugerðar um umferðarmerki.

Ef aðstæður leyfa, skal nemendum kenndur akstur og meðferð reiðhjóla, léttra bifhjóla, vélsleða og dráttarvéla, en annars leiðbeint um það.

7. gr.

Æskilegt er, að leiðbeint sé einnig um meðferð og notkun gúmbáta og smábáta og helstu atriði siglingareglna og öryggisbúnaðar báta.

8. gr.

Í aðalnámskrá grunnskóla skal kveðið á um nauðsynleg kennslugögn til umferðarfræðslunnar svo og nánari skilgreiningu námsefnis en hér er tilgreint í reglugerðinni.

9. gr.

Um mat á þekkingu nemenda í umferðareglum fer samkvæmt ákvæðum um námsmat í grunnskóla. Heimilt er þá að láta fara fram getraunir eða kannanir með frjálsri þátttöku nemenda, er sýni þekkingu þeirra í umferðareglum.

10. gr.

Heimilt er að hafa umferðarmál sem valgrein í framhaldsskólum. Skal þá ákvarða einingargildi hennar á sama hátt og annarra námsgreina svo og námsefni.

11. gr.

Kennurum á grunnskólastigi skal standa til boða í kennaranámi sínu að búa sig sérstaklega undir umferðarkennslu. Skal kennslustundafjöldi þeirrar fræðslu eigi vera minni en ákveðið er í 12. grein reglugerðar um Kennaraháskóla Íslands nr. 175, 31. maí 1974. Jafnframt skal Kennaraháskóli Íslands sjá starfandi kennurum fyrir námskeiðum í umferðarfræðslu, þegar ástæða þykir til.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið getur, þegar fé er veitt til, ráðið sérfróðan mann til þess að hafa umsjón með umferðarfræðslu í skólum og skal þá starf hans skipulagt að höfðu samráði við Umferðarráð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 55, 12. maí 1970, um breyting á umferðarlögum nr. 40 frá 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 3. júlí 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

11. júlí 1975.

Nr. 333.

REGLUGERÐ

um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar sérstaka nefnd, prófanefnd, til þess að skipuleggja og sjá um samræmd próf í grunnskóla skólaárin 1975—'76 og 1976—'77. Nefndin skal enn fremur sjá um samræmt gagnfræðapróf meðan það próf er haldið. Fela má nefndinni önnur verkefni ef ráðuneytið telur það æskilegt enda fallist nefndin á það.

2. gr.

Prófanefnd skal þannig skipuð: Formaður, ritari og tveir fulltrúar fyrir hverja af eftirtöldum greinum: Íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði og skulu þeir vera sérfróðir um námsefni og kennslu þessara greina í grunnskóla. Auk áðurnefndra fastra fulltrúa í nefndinni skal skipa einn sérfróðan fulltrúa fyrir hverja þá grein aðra, sem próf taka til, og skal hann taka sæti í nefndinni, þegar próf í viðkomandi grein eru samræmd.

Formaður og ritari skulu fara sameiginlega með framkvæmdastjórn nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast, skal ráðuneytið skipa annan í hans stað. Námsmatssérfræðingur veitir nefndinni sérfræðilega ráðgjöf.

3. gr.

Prófanefnd skal gera tillögur til ráðuneytisins um fjölda prófa, prófgreina, einkunnastiga og próftíma, sem samræmd próf taka til, og skulu þær tillögur berast ráðuneytinu við upphaf skólaárs.